



315. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal miðvikudaginn 27. október 2021 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Mættir á Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud og Úlfur H. Hróbjartsson.

Forföll: Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti.

Dagskrá:

Forseti setti fund og þakkaði framkvæmdastjórninni fyrir vel heppnað framhaldsþing Íþróttapings ÍSí 9. október sl.

1. Upplýsingar frá skrifstofu

Forseti kynnti nýjan lið á dagskrá stjórnar, upplýsingagjöf frá skrifstofu ÍSí.

Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu sambandsins.

Fyrirverandi forseti og núverandi framkvæmdastjóri Ólympíunefndar Liechtenstein heimsóttu ÍSí fyrir skömmu og funduðu um sameiginleg hagsmunamál, þ.á.m. málefni Smáþjóðaleikanna. Í sömu viku var fundur með Örvari Ólafssyni fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis um mál sem Alþingi vísaði til ráðuneytis og ÍSí til úrlausnar.

Garðar Óli Ágústsson og Jón Reynir Reynisson, útskrifaðir meistaranemar í íþróttastjórnun við Háskólann í Molde kynntu nýlega fyrir framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra verkefni sem þeir unnu fyrir stofnun í Danmörku og fjallar um stjórnunarhætti í íþróttasamböndum og víðar. Meginmarkmið verkefnisins er að aðstoða og hvetja sérsambönd í íþróttum til þess að auka gæði stjórnunarháttanna og byggja upp kunnáttu um góða stjórnunarhætti með því að meta stjórnunarhætt sem eru til staðar nú þegar. Þeir félagar frammistöðuprófuðu ÍSí og sjö sérsambönd og voru niðurstöður áhugaverðar. Útgáfa skýrslunnar verður í nóvember.

Fundað hefur verið með félagsmálaráðuneyti vegna verkefnis um íþróttir eldri borgara. Auglýst verður eftir starfsmanni í það verkefni innan skamms. Einnig var nýlega fundur með Andrésí Guðmundssyni um framtíð Skólahreystis.

Verið er að leggja lokahönd á samninga við fyrirtæki í Ólympíufjölskyldu ÍSí. Eitt fyrirtæki hefur bæst í hópinn frá síðusta styrkjatímabili. Eins eru viðræður í gangi við endurskoðunarfyrirtæki um endurskoðun ÍSí.

Mikil skýrslugerð er í nóvember, bæði til Ólympíusamhjálpunar vegna verkefna sem styrkt hafa verið af samhjálpinni og einnig til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ekki hafa orðið miklar breytingar á takmörkunum vegna COVID-19 en núgildandi reglugerð er til 17. nóvember nk.

Framkvæmdastjóri greindi frá breytingum á starfsmannahópi skrifstofu ÍSí. Ragna Ingólfssdóttir verkefnastjóri kynningarmála ÍSí hefur sagt upp störfum og eins er Birkir Smári Guðmundsson lögfræðingur hættur störfum en hann var í 25% starfshlutfalli á skrifstofu.

Framkvæmdastjóri og Líney Rut Halldórsdóttir ráðgjafi sóttu ársþing ANOC á Krít dagana 25. og 26. október sl. ANOC hefur verið rekið með tapi síðustu tvö árin.

Úlfur H. Hróbjartsson vakti athygli á ákvörðun FIFA um að halda HM á tveggja ára fresti. Úlfur sagði þá ákvörðun án vafa hafa áhrif á önnur sérsambönd og íþróttadagatalið í heiminum. Fundarmenn tóku undir mál Úlfs.

Umræður urðu um stöðu Rússnesku Ólympíunefndarinnar gagnvart IOC og afleiðingar vegna falls á lyfjaprófi hjá rússnesku íþróttafólki.

2. Fagsvið ÍSí

Pórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni á sviðinu.

Málþing um afreksstefnu ÍSí fór fram 27. september sl. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og gekk vel.

Undirbúningur fyrir Vetrarólympíuleikana í Peking er kominn á fullt. Playbook, leiðbeiningarit leikanna varðandi COVID-19 takmarkanir er nýkomið út. Ljóst er að leikarnir bera með sér ýmsar áskoranir, ekki síst fyrir þá sem ekki eru bólusettir.

Fundir hafa verið haldnir í undirbúningi Afreksmiðstöðvar og rætt hefur verið m.a. við fagaðila til að fá þeirra sýn á verkefnið. Háskólasamfélagið er jákvætt og bæði HÍ og HR ætla að taka þátt. Rætt um næstu skref.

Búið að taka stöðufundi með flestum sérsambanda ÍSí og fyrir liggur vinna við að endurmeta flokkun sambandanna og mögulegar breytingar þar að lútandi.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSí skýrði frá því helsta á sviðinu. Átakinu Göngum í skólann lauk í október og hafa aldrei fleiri skólar tekið þátt, alls 79 talsins. Íþróttavika Evrópu var í gangi allan september og verður inn í október, m.a. með skólablaksverkefni og landsátakinu Syndum sem hrint verður af stað í samstarfi við Sundsamband Íslands 1. nóvember nk. Þátttakendur geta skráð sundvegalengdir sínar á heimasíðu verkefnisins. Til gamans er miðað við vegalengdina í kringum landið, í kílómetrum talið, og verður mælt hversu margir hringir um landið verða syntir á meðan á átakinu stendur.

Verið er að vinna matsskýrslu um Kvennahlaupið, sem lögð verður fyrir framkvæmdastjórn þegar hún er fullgerð.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Samskiptafulltrúi íþrótt- og æskulýðsstarfs er á ferð um landið til að kynna starfsemi embættisins. Fulltrúi frá ÍSí hefur verið viðstaddur nánast hverja kynningu, henni til stuðnings. Beint streymi verður frá einum fundi á höfuðborgarsvæðinu til að ná til þeirra sem ekki geta mætt eða misstu af fundi í sínu heimahéraði.

Vertu með bæklingurinn er kominn út á spænsku, til viðbótar við þau tungumál sem fyrir voru. Nýlega voru veittir fjórir styrkir til verkefna sem miða að því að fjölga börnum af erlendum uppruna í íþróttum. Dansfélagið Bíldshöfði, Héraðssamband Vestfirðinga, sunddeild KR og Skautafélag Reykjavíkur hlutu hvert um sig styrk að upphæð kr. 250 þúsund.

Einnig er búið að draga út vinningshafa úr hópi þátttökuskóla í Ólympíuhlaupinu. Það eru Vogaskóli í Reykjavík, Bláskógaskóli á Laugarvatni og Heiðarskóli í Reykjanesbæ. Hver þessara þriggja skóla fær 100.000 króna inneign í Altis, sem selur vörur til íþróttaiðkunar sem nýtast nemendum á skólalóðinni eða í íþróttahúsinu.

Rætt um hlutverk og þjónustu samskiptaráðgjafa, í ljósi reynslunnar sem komin er á embættið og hlutverk þess þegar upp koma atvik í hreyfingunni. Rætt um kríteríu mála sem embættið tekur fyrir og kostnað hreyfingarinnar við að ná fram niðurstöðu í málum hjá viðeigandi fagaðilum.

3. Framhaldsþing ÍSÍ

Forseti fór yfir þingið, sem tókst vel. Rætt um samþykktir þingsins og næstu skref.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að samþykktir þingsins yrðu tilbúnar til útsendingar innan skamms.

Rætt um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi fagsviða ÍSÍ. Forseti skýrði frá því að unnið sé að útfærslum áður en hafist verður handa.

4. Formannafundur ÍSÍ/fjármálaráðstefna

Forseti fór yfir stöðu mála.

Samþykkt að halda Formannafund ÍSÍ sem fjarfund miðvikudaginn 8. desember nk. Mögulega verður jólafundur framkvæmdastjórnar í framhaldi af fundinum.

Samþykkt að halda fjármálaráðstefnuna á nýju ári þar sem undirbúningstíminn er orðinn naumur fyrir ráðstefnu á haustönninni.

5. Íþróttamaður ársins 2021

Búið er að bóka Hörpu fyrir Íþróttamann ársins 29. desember nk.

Almennar umræður urðu um fyrirkomulag viðburðarins og mögulegar breytingar. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi stjórnar.

6. Ályktun frá 52. Sambandsþingi UMFÍ

Forseti ÍSÍ las upp eftirfarandi ályktun 52. Sambandsþings UMFÍ, sem ÍSÍ barst nýverið: *Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands*

Á 52. Sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var á Húsavík 15. – 17. október 2021, var samþykkt að færa Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsfólki, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og vel unnin störf.

Sérstakar þakkir sendir UMFÍ til Líneyjar Rutar Halldórsdóttur sem hefur nýlega látið af störfum sem framkvæmdastjóri samtakanna. Þá hvetur Sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum.

*Með ungmennafélagskveðju
fyrir hönd stjórnar UMFÍ,
Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ*

7. Erindi vegna nýrra íþróttagreina

Framkvæmdastjóri skýrði tvö erindi sem ÍSÍ hefur borist varðandi staðfestingu nýrra íþróttanna.

1) Erindi frá TSÍ

TSÍ hefur sent ÍSÍ erindi varðandi „padel“ íþróttina og óskað eftir því að fá að taka íþróttina að sér.

Padel er ekki viðurkennd sem íþróttagrein hjá IOC, eins og staðan er, og eins virðist alþjóðlegur rammi íþróttagreinarinnar vera á höndum tveggja alþjóðasamtaka. Framkvæmdastjóra falið að funda með TSÍ og afla frekari upplýsinga um málið áður en frekari ákvarðanir verða teknar um stöðu íþróttarinnar hér á landi.

2) Erindi frá ÍBH

ÍBH hefur óskað eftir upplýsingum um stöðu íþróttarinnar sambó hér á landi. Íþróttin var nýlega viðurkennd af IOC og keppt hefur verið í sambó á Evrópuleikum. Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfestir sambó sem viðurkennda íþróttagrein innan vébanda sambandsins.

8. Erindi Ahmad Roman Abasy frá Afganistan

Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá Ahmad Roman Abasy, íþróttamanns og þjálfara frá Afganistan sem leitar eftir því að fá hæli á Íslandi sem flóttamaður.

IOC hefur hvatt Ólympíunefndir heims til að aðstoða flóttamenn, ef möguleiki er fyrir hendi.

Samþykkt að skrifstofa afli upplýsinga frá utanríkisráðuneytinu varðandi málið til að hægt sé að skoða alla þætti og möguleika út frá reglum og úrræðum sem í boði eru hér á landi.

9. Nefndir EOC - tilnefningar

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að EOC leiti nú tilnefninga í nefndir og ráð samtakanna til næstu fjögurra ára. Síðasta tímabil sat forseti ÍSÍ í EOC EU Commission og Hafsteinn Pálsson í EOC Environment and Sport of All Commission. Nefndum hefur verið fækkað og fjöldi nefndarmanna verður skorinn niður. Því eru minni líkur á því að koma inn fleiri en einum aðila frá Íslandi.

Samþykkt að forseti og framkvæmdastjóri fari yfir málið með Líneyju Rut Halldórsdóttur ráðgjafa sem situr í stjórn EOC og að tilnefnt verði í allt að þrjár nefndir, eftir því hvernig staðan verður metin við nánari skoðun.

10. Breyting á reglugerð ÍSÍ um keppnisferðir

Tillaga til breytinga á reglugerðinni lá fyrir í fundargögnum. Umræður urðu um málið og fram komu frekari ábendingar og athugasemdir.

Samþykkt að fresta afgreiðslu á málinu til næsta fundar. Afreks- og Ólympíusvið lagfærir tillöguna með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu á fundinu.

11. Heiðranir

Samþykkt að sæma fráfarandi formann GSÍ, Hauk Örn Birgisson, Gullmerki ÍSÍ við þingsetningu ársþings GSÍ 19. nóvember nk.

12. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- 314. fundur framkvæmdastjórnar
- 197. fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, 15. september 2021
- 198. fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, 20. október 2021

Tillaga sviðsins um Andra Stefánsson sem aðalfararstjóra á Vetrarólympíuleikunum í Peking var samþykkt.

Tillaga sviðsins um Brynju Guðjónsdóttur sem aðalfararstjóra fyrir EYOWF í Vuokatti í Finnlandi var samþykkt.

- Skýrsla starfshóps um þjóðarleikvanga

13. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Forseta og framkvæmdastjóra falið að skoða mögulegar dagsetningar, með hliðsjón af dagsetningu Formannafundar ÍSÍ.

15. Önnur mál

Rannsókn um hreyfingu táninga

Viðar Garðarsson vakti athygli á nýrri rannsókn Þórdísar Gísladóttur sem gerð var meðal 12 ára, 14 ára og 16 ára grunnskólabarna á landinu. Skoðuð var dagleg hreyfing þeirra með viðmiðunarmörk Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) til hliðsjónar og var þá öll hreyfing talin, þ.e. allt annað en kyrrseta. Íþróttaæfingar voru ekki teknar sérstaklega inni í rannsóknina. 79% voru undir viðmiðunarmörkum WHO varðandi hreyfingu og hallar sérstaklega á börn af erlendum uppruna. Staðan versnar við hækkandi aldur. 80% nær viðmiðunarmörkum þrisvar í viku. Ekki reyndist marktækur munur á milli barna á landsbyggðinni og barna á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður urðu um efnið.

Vinnufundur

Viðar Garðarsson óskaði eftir því að skipulagður yrði vinnufundur stjórnar yfir helgi, þar sem mörg stór og stefnumarkandi mál eru í deiglu og til afgreiðslu hjá stjórninni.

Fundarmenn tóku undir tillögu Viðars. Forseta og framkvæmdastjóra falið að dagsetja slíkan fund.

Andri Stefánsson starfandi framkvæmdastjóri vék af fundi fyrir næsta dagskrárlið.

Ráðning framkvæmdastjóra

Knútur G. Hauksson spurðist fyrir um tímsetningu ráðningaferlis nýs framkvæmdastjóra ÍSÍ. Umræður urðu um málið og þær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahópi ÍSÍ undanfarið.

Samþykkt að auglýsa stöðu framkvæmdastjóra ÍSÍ ekki síðar en í nóvembermánuði.

Andri kom aftur inn á fundinn.

Starfshópar ÍSÍ

Úttektarnefnd ÍSÍ er langt komin með sín störf og áætla að skila af sér í nóvember.

Starfshópur KSÍ skilar af sér mánudaginn 1. nóvember nk.

Starfshópur ÍSÍ mun skila af sér til framkvæmdastjórnar ÍSÍ í byrjun næsta árs. Kolbrún Hrund sem leiðir starf hópsins óskaði eftir því að fá aðgang að starfsmanni frá ÍSÍ, hópnunum til aðstoðar.

Andlát Björgvins Þorsteinssonar

Björgvin Þorsteinsson formaður Áfrýjunardómstóls ÍSÍ lést 14. október sl. eftir snarpa baráttu við krabbamein. Björgvin var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ á nýafstöðnu Íþróttapeingi ÍSÍ en hann starfaði við dómstóla ÍSÍ í ríflega 20 ár. Heiðursfáni ÍSÍ mun standa uppi við útförina.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir